



# Handbók um móttöku barna með íslensku sem annað tungumál



Vogar  
2023

Handbók um móttöku barna í grunnskóla með íslensku sem annað tungumál  
Hafnarfjörður - Vogar 2015

© Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar.

Gefið út sem rafræn handbók til starfsfólks í Stóru - Vogaskóla.  
Vefkrækurnar sem huldar eru í skjalinu nýtast eingöngu í rafrænni notkun handbókarinnar.

Við gerð þessarar handbókar varð stuðst við margvíslegt efni annars staðar frá, ekki síst ráðleggingum sem önnur sveitarfélög hafa sett í sambærilegar handbækur til síns starfsfólks. Sérstaklega hafa handbækur frá Reykjanesbæ og Reykjavíkurborg hér verið hjálplegar.

## Efnisyfirlit

Inngangur	3
Tvítýngdir nemendur í grunnskólum	4
Móttaka og réttur á skólavist	4
Íslenskt samfélag	4
Réttur á skólavist	4
Eins skjótt og auðið er	4
Nýr nemandi með annað móðurmál en íslensku	5
Tengiliður	5
Umsjónarkennari	5
Túlkþjónusta	5
Undirbúningur fyrir móttökuvíðtalið	7
Innritun, upplýsingar og gögn	7
Upplýsingar og afhending gagna	7
Heilbrigðisvottorð og bólusetningavottorð	8
Kennitala	9
Menningarlegur stuðningur	9
Fyrstu skrefin í skólanum	9
Íslenska sem annað tungumál	10
Verkfærakista Tungumálatorgs	10
Lestur og lesskilningur	11
Fyrstu skrefin í frístundastarfinu	11
Foreldrasamstarf	11
Annað	12
Tvítýngi og fjöltyngi	12
Málskipti	12
Viðurkenning á kunnáttu í móðurmáli	12
Fjölbreyttur nemendahópur og fyrstu skrefin	12
Íslenska sem annað tungumál	13
Fylgiskjal	<b>Error! Bookmark not defined.</b>
Könnun á bakgrunni nemanda	16



# Inngangur

Nemendur af erlendum uppruna setja sífellt meiri svip á starfið í grunnskólum. Þeir eru kærkomin viðbót við þá flóru nemenda og mannlífs sem er í skólum. En vera þeirra gerir líka kröfur um nýja færni og viðhorf sem þarf að innleiða í skólum.

Hver skóli eða sveitarfélagi skal samkvæmt grunnskólalögum útbúa móttökuáætlun vegna nýrra, erlendra nemenda sem hefja nám í grunnskóla. Veita skal foreldrum og nemendum greinargóðar upplýsingar um skólastarfið og greina þeim frá rétti þeirra til þjónustu túlka og ráðgjafar almennt um skólastarfið.

Samkvæmt grunnskólalögum eiga skólar/sveitarfélög að hafa móttökuáætlun vegna nemenda sem eru að hefja nám hér á landi. Lagt er til að í hverjum skóla sé myndað teymi starfsmanna sem sinni þessum málaflokki. Í slíku teymi gætu til dæmis verið stjórnandi, umsjónarkennari viðkomandi nemanda og tengiliður sem heldur utan um málefni innflytjenda og tvítyngdra nemenda í skólanum.

Í móttökuáætlun skólans þarf að koma fram hver ber ábyrgð á

- móttöku nemenda og hvernig henni skuli hagað
- stuðningi og kennslu við nemendur
- fræðslu til starfsfólks
- hlutverk umsjónarkennara,
- stuðningur við heimanám nemendur
- skráningu nemenda í skóla
- áætlun um viðtöl við nemendur og foreldra
- miðlun upplýsinga til kennara
- samskipti við heimili
- öðru sem máli skiptir.

Handbókin er unnin af Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar en endurskoðuð og staðfærð að Stóru - Vogaskóla. Stuðst er við Handbók um móttöku innflytjenda í grunnskóla Reykjavíkur sem gefin var út í maí 2008 og Móttökuáætlun vegna barna með íslensku sem annað tungumál sem er á vef Reykjavíkurborgar. Þá skal líka bent á ritið Innritun og móttaka innflytjenda í grunnskólum Reykjanesbæjar og ritið Heimurinn er hér – sem er stefna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur um fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf, ennfremur vef Tungumálatorgs og vefinn Velkominn sem er nánar kynntur á bls. 7 í þessu riti.

Skólastjóri ber ábyrgð á framkvæmd móttökuáætlun skólans. Ekki er síður mikilvægt að í skólanum ríki almennt jákvætt viðhorf til fjölmennningar og að hver nemandi hafi eitthvað fram að færa til að auðga skólastarfið. Mikilvægt er að fræða alla starfsmenn um aðferðir og leiðir og styðja þá í starfi.



# Tvítýngdir nemendur í grunnskólum

## Móttaka og réttur á skólavist

Samkvæmt lögum eiga allir grunnskólar eða sveitarfélög að hafa móttökuáætlun vegna nemenda sem eru með annað móðurmál en íslensku. Hver skóli ætti að laga áætlunina að sínum aðstæðum en afar mismunandi er hversu margir nemendur eru í einstökum skólum og aðstæður því margbreytilegar. Móttökuáætlun vegna nemenda með íslensku sem annað mál skal taka mið af bakgrunni þeirra, tungumálafærni og færni á öðrum námssviðum (sjá um stöðumat á bls. 11 hér áfram). Tryggja skal að þessir nemendur og foreldrar þeirra fái ráðgjöf og aðgang að upplýsingum um grunnskólann. Hafa ætti í huga að skólinn er stundum fyrsti og eini tengiliður fjölskyldunnar við íslenskt samfélag. Vönduð móttaka í skólanum getur því skipt sköpum um nánustu framtíð fjölskyldunnar. Í 16. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 segir m.a.:

Grunnskólar taka á móti nemendum sem eru að hefja skólagöngu, eru að skipta um skóla eða hefja nám sitt hér á landi samkvæmt móttökuáætlun skóla eða sveitarfélags. Foreldrum skulu á þeim tímamótum veittar upplýsingar um skólagöngu barnsins og skólastarfið almennt og foreldrum með annað móðurmál en íslensku og heyrnarlausum foreldrum greint frá rétti þeirra til tülkaþjónustu.

## Íslenskt samfélag

Mikið af upplýsingum um íslenskt samfélag er á vefnum [www.island.is](http://www.island.is). **Fyrstu skrefin** er bæklingur um íslenskt samfélag, hann er til á tíu tungumálum.

*Við og börnin okkar*, bæklingur um réttindi og skyldur foreldra í íslensku samfélagi (gefinn út af Reykjavíkurborg og Velferðarráðuneytinu). Bæklingurinn er til á:

- [ensku/íslensku](#)
- [filippseyksku/íslensku](#)
- [pólsku/íslensku](#)
- [rússnesku/íslensku](#)

## Réttur á skólavist

Í 17. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 segir:

„Nemendur eiga rétt á að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í almennum grunnskóla án aðgreiningar, án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis.“

## Eins skjótt og auðið er

Ekki er beðið eftir því að nemendur fái dvalarleyfi og/eða kennitölu, heldur er áhersla lögð á að umsóknarferli um dvalarleyfi sé hafið. Meðan á umsóknarferlinu stendur eru nemendur utan þjóðskrár. Ástæður fyrir töfum geta m.a. verið þær að foreldrar hafi ekki skilað umbeðnum göngum til Útlendingastofnunar svo sem ljósriti af vegabréfi, forsjárgögnum eða þýðingu löggilts skjalapýðanda á erlendum vottorðum. Í þessum tilvikum gæti skólinn þurft að fylgja málinu eftir í samskiptum við foreldra eða aðra þá aðila sem tengjast málinu. Útlendingastofnun heldur úti eigin vef, [www.utl.is](http://www.utl.is).



## Nýr nemandi með annað móðurmál en íslensku

Nemendur með lögheimili í Vogum eiga rétt á skólavist og til þess að njóta náms við hæfi. Meginreglan í Stóru - Vogaskóla er að veita nemendum, sem eru með annað móðurmál en íslensku, skólavist eins skjótt og auðið er. Nemendur með annað móðurmál en íslensku eiga rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Með kennslunni er stefnt að virku tvítyngi þessara nemenda og að þeir geti stundað nám í grunnskólum og tekið virkan þátt í íslensku samfélagi. Grunnskólum er heimilt að viðurkenna kunnáttu í móðurmáli nemenda með annað móðurmál en íslensku sem hluta af skyldunámi er komi í stað skyldunáms í erlendu tungumáli (Sjá aðalnámskrá grunnskóla, bls. 80).

## Tengiliður

Tengiliður innan skólans heldur utan um málefni innflytjenda og tvítyngdra nemenda í skólanum. Eðlilegt væri að þessi tengiliður væri hluti af því teymi sem héldi utan um málefni barna með íslensku sem annað tungumál. Hlutverk tengiliðar er að halda utan um málefni viðkomandi nemenda, með því m.a. að annast ráðgjöf, upplýsingar og fræðslu um skóla- og frístundastarf án aðgreiningar ásamt því að tryggja að fyrir hendi séu gagnvirk samskipti á milli foreldra og þeirra aðila sem starfa með nemendum. Þá er mikilvægt að slíkur sérhæfður aðili geti stutt kennara til að fylgjast með framförum nemenda í námi og frístundastarfi þannig að hægt sé að veita viðeigandi stuðning á hverjum tíma. Mikilvægt er að tengiliður í frístundaheimili/félagsmiðstöð upplýsi foreldra nemenda með annað móðurmál en íslensku um frístundastarf í hverfinu og hvað sé í boði fyrir börnin og unglíngana yfir sumartímamann.

Foreldrar fá úthlutað tíma fyrir móttökuviðtal við fyrsta tækifæri. Sá sem bókar tímann skráir nafn nemandans, fæðingarár, þjóðerni, tungumál og símanúmer foreldra og kannar hvort þörf er á túlkabjónustu. Foreldrar eru beðnir um að hafa með sér upplýsingar um fyrri skólagöngu nemandans svo sem einkunnir og greiningar, heilbrigðisvottorð og bólusetningarvottorð. Æskilegt er að barnið hafi fengið kennitölu, en barn hefur rétt til skólagöngu meðan beðið er afgreiðslu kennitölunnar (sjá eyðublað um könnun á bakgrunni nemanda aftast í þessu riti).

Þegar börn eru komin inn í skólann geta þau sótt um á frístundaheimili.

## Umsjónarkennari

Þegar væntanlegur umsjónarkennari fær upplýsingar um komu nemandans leggur hann drög að starfinu með honum fyrstu dagana á grunni þeirra upplýsinga sem liggja fyrir. Umsjónarkennarinn ber ábyrgð á því að aðrir kennarar og starfsmenn sem vinna í skólanum með nýja nemandanum fái að vita um komu hans. Sérstaklega er mikilvægt að íþrótt- og sundkennarar fái upplýsingar um nemandann. Hagnýtt efni varðandi móttöku og undirbúning er að finna á Fjölmenningarvef barna en tengill á hann er á [Tungumálatorgi](#).

## Túlkabjónusta

Í 16. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 segir m.a.

*Grunnskólar taka á móti nemendum sem eru að hefja skólagöngu, eru að skipta um skóla eða hefja nám sitt hér á landi samkvæmt móttökuáætlun skóla eða sveitarfélags. Foreldrum skulu á þeim tímamótum veittar upplýsingar um skólagöngu barnsins og skólastarfið almennt og foreldrum með annað móðurmál en íslensku og heyrnarlausum foreldrum greint frá rétti þeirra til túlkabjónustu. Túlkabjónusta skal vera til staðar svo lengi sem foreldrar hafa þörf fyrir hana.*




Mikilvægt er að kynna sér **siðareglur** túlka, m.a. þagnarskyldu.

Nokkrir aðilar bjóða upp á túlkabjónustu. Á vef **Fjölmenningarseturs** eru upplýsingar um aðila sem sinna túlkabjónustu, auk þess sem þar er svarað í síma á sjö tungumálum.

Ellefu góð ráð sem vert er að hafa í huga þegar mál þitt er túlkað:

1. *Littu á túlk sem brú á milli menningarheima og undirbúðu hann undir fundarefnið.*
2. *Skipuleggðu fyrirfram meginlínur samtalsins þannig að ljóst sé um hvað eigi að ræða og hver sé tilgangur samtalsins.*
3. *Taktu tillit til þess að samtal með túlk tekur lengri tíma en samtöl á íslensku.*
4. *Byrjaðu helst samtalið með stuttri samantekt sem gefur yfirlit yfir hvað þú hafir hugsað þénað verði rætt og gefðu viðmælendum færi til að gera athugasemdir.*
5. *Vertu ekki feimin(n) við að nýta líkamstjáningu til að leggja áherslu á mál þitt, viðbrögð þín og að umræðu sé lokið.*
6. *Vertu nákvæmari í orðavali en þú átt venju til.*
7. *Tjáðu þig á einfaldan og skýran hátt. Taktu tillit til túlsins því hann þarf að skilja þig og fá tíma til þess að flytja skilaboðin jafnóðum til þriðja aðila.*
8. *Mundu að gera hlé á máli þínu svo túlkur fái ráðrúm til að yfirfæra eða meðtaka það sem þú ert að segja.*
9. *Mikilvægt er að þú snúir beint að nemanda og foreldrum og horfir í augu þeirra þegar þú talar.*
10. *Horfðu beint á viðmælendur þína þegar þeir tala. Snúðu þér ýmist að túlknum eða viðmælenda eftir því hvor þeirra talar.*
11. *Farðu yfir niðurstöður og upplýsingar sem komu fram á fundinum þannig að viðmælendur þínir séu sammála um hvað var sagt og ákveðið á fundinum.*

Á vef Tungumálatorgs eru upplýsingar um fjölbreyttar **leiðir** í samskiptum við foreldra.



#### Velkomin

##### Úrræði fyrir móttöku og samskipti

- er samskiptatæki til að auðvelda skólum móttöku, aðlögun og samskipti við nemendur með annað móðurmál en íslensku og foreldra þeirra.

Efnið skiptist upp í 13 flokka sem eru: Skrifstofa, samtal kennara og foreldra, fyrsti dagurinn – velkomin, fyrstu dagarnir – rýmið, stundatafla, skoðunarferð, samskipti kennara og nemenda, hrós, betri vinnubrögð, hegðun, nesti – hádegismatur, líðan og samskipti nemenda.

## Undirbúningur fyrir móttökuvíðtalið

Skipuleggja þarf móttökuvíðtalið og ákveða hverjir eigi að taka þátt í því og hver verkaskipting á að vera. Lykilatriði er að umsjónarkennari taki þátt í móttökuvíðtalinu. Mikilvægt er að kynna strax fyrir fjölskyldunni hvaða frístundastarf er í boði fyrir börnin. Þanta þarf túlkabjónustu ef þörf er á henni. Foreldrum sem ekki tala eða skilja íslensku skal greint frá rétti þeirra til túlkabjónustu.

## Innritun, upplýsingar og gögn

Markmið móttökuvíðtalsins er tvíþætt annars vegar að afla upplýsinga um nemandann og hins vegar að veita upplýsingar um skólann þ.á.m. um hvað nemandinn skal hafa með í skólann, hvað foreldrar þurfa að útvega, s.s. skólatösku, pennaveski, íþróttaföt, sundföt, um nesti, hádegismat, frístundastarf og foreldrafélagið. Einnig um hvað skólinn útvegar, s.s. nemendabækur, bókasafnsbækur og orðabækur.

Veita skal foreldrum upplýsingar um starfshætti skólans, skólareglur og hefðir, næringu og heilsu, samstarf skóla og skólaforeldra, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar og annað íþrótt- og æskulýðsstarf í hverfinu. Einnig er mikilvægt að upplýsa foreldra um ábyrgð og skyldur foreldra í íslensku skólakerfi enda getur það verið gerólíkt því sem foreldrarnir hafa vanist. Loks skal upplýsa foreldra um viðbrögð við óveðri.

Þetta getur einnig átt við um uppeldi og því er lagt til að skólinn prenti út og afhendi foreldrum bæklinginn *Víð og börnin okkar* (sjá vefkrækjur hér frammar bls. 5).

## Upplýsingar og afhending gagna

Hér á eftir er gátlisti yfir grunnupplýsingar um skólastarfið, þjónustu skólans, samskipti við skólann, skólareglur og fleira, sem gott getur verið að styðjast við. Hver og einn þarf að veita og meta hversu miklum upplýsingum er komið á framfæri í einu, en tryggja þarf að upplýsingunum sé komið á framfæri eins fljótt og kostur er. Benda má á að oft þarf að endurtaka og rifja upp upplýsingar og setja fram á mismunandi hátt.

Helstu starfshættir skólans:

- Nemanda og foreldrum afhentir þýddir bæklingar og upplýsingar, s.s. í skólanum, skólareglur grunnskóla í myndrænum búningi frístundastarf og íþróttastarf, efni bæklinganna kynnt lítillega.
- Fjölmenningarlegar áherslur í starfsemi skólans og markmið.
- Upplýsingar um þjónustu sem stendur nemendum sem eru innflytjendur sérstaklega til boða.
- Nemanda og foreldrum er afhent skóladagatal, innkaupalistar, stundaskrá og önnur gögn eftir því sem við á. Efni þessara gagna útskýrt eftir þörfum, sérstaklega er sagt frá starfsdögum, skertum dögum, foreldradögum og hefðum sem tengjast frídögum, svo sem bolludegi og öskudegi.
- Upplýsingar um hvað nemandi skal hafa með í skólann, hvað foreldrar þurfa að útvega s.s. skólatösku, pennaveski, íþróttaföt, sundföt o.s.frv. og hvað skólinn útvegar s.s. nemendabækur, bókasafnsbækur og orðabækur.
- Hvernig dagurinn gengur fyrir sig (innihald skóladagsins og hvernig frístundastarfið tekur við, ef við á).
- Kennsluhættir og námsmat.
- Hvernig kennslu verður háttað í stórum dráttum.





- Venjur tengdar bekkjarstarfi, umsjónarmaður, nemandi dagsins, o.s.frv.
- Nauðsynleg símanúmer í skólanum og frístundastarfinu, upplýsingar um viðtalstíma og netföng.
- Hvernig á að tilkynna forföll og biðja um frí.
- Aðstoð við heimanám.
- Hvert á nemandinn að snúa sér ef vandamál koma upp.
- Ýmsar hefðir tengdar kristinni trú og íslenski þjóðkirkju.
- Möguleikar á að sækja um undanþágu frá kennslu í ákveðnum fögum, svo sem kristinfræði eða tungumáli.
- Heilsugæsla á vegum skólans.

Helstu reglur og venjur varðandi:

- Skólasókn.
- Umgengni og agamál.
- Klæðnað.
- Notkun farsíma.
- Reykingar og áfengi.
- Útivist (m.a. í frímínútum).
- Skemmtanir (í skóla- og frístundastarfi).
- Afmæli og ferðir Hér er gott að vekja athygli á skilaboðaskjóðunni: [foreldrafelag.austurbaejarskoli.is](http://foreldrafelag.austurbaejarskoli.is).
- Útivistarreglur barna.

Gera þarf ráð fyrir tíma til að kynna foreldrum **Mentor** og aðstoða við skráningu. Áður en viðtalinu lýkur og fjölskyldunni er fylgt um skólann (og frístundaheimilið ef við á) er ákveðið hvenær nemandinn byrjar í skólanum og sagt frá því hvernig skólabyrjunin verður.

Sjálfsagt er að hvetja móður eða föður til að vera með barni sínu í skólanum fyrstu dagana eins og þau hafa tækifæri til og best þykir henta. Þannig geta foreldrarnir stutt barnið sitt um leið og þeir kynnast því samfélagi sem á eftir að hafa svo mikil áhrif á barnið þeirra. Þá er gott að setja niður áætlun um það hvenær umsjónarkennarinn og foreldrar hittast næst og hvernig samskiptum muni best háttað, þ.e. með tölvupósti, símtölum, bréfum, samskiptabókum, fundum eða öðru. Sjá líka [gátlista](#) fyrir skóla um móttöku nemenda.

## Heilbrigðisvottorð og bólusetningarvottorð

Samkvæmt verklagsreglum sóttvarnarlæknis skulu þau börn sem koma til landsins frá eftirtöldum svæðum gangast undir læknisrannsókn vegna sóttnæmra sjúkdóma:

- Mið- og Suður-Ameríku, þ.m.t. Mexíkó.
- Evrópu utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES).
- Asíu.
- Afríku.

Sjá einnig [verklagsreglur](#) um læknisrannsókn fyrir fólk sem flyst til landsins. Heilsufarsrannsókn á börnum sem eru nýkomin til landsins fer fram á göngudeild smitsjúkdóma á Barnaspítala Hringsins.

Innflytjendur sem koma frá eftirtöldum löndum þurfa aftur á móti ekki að framvísa læknisvottorði en það eru íbúar frá löndum evrópska efnahagssvæðisins (annarra en Rúmeníu og Búlgaríu), Sviss, Bandaríkjunum, Kanada, Ástralíu, Nýja Sjálandi og Ísrael.



Eftirfarandi ríki Evrópusambandsins og EFTA mynda evrópska efnahagssvæðið (EES):

Austurríki	Írland	Portúgal
Belgía	Ísland	Pólland
Bretland (hið sameinaða konungsríki Stóra Bretlands og Norður-Írlands)	Ítalía	Rúmenía
Búlgaría	Kýpur (grískur hlutinn)	Spánn
Danmörk	Lettland	Slóvakía
Eistland	Liechtenstein	Slóvenía
Finnland	Litháen	Svíþjóð
Frakkland	Lúxemborg	Tékkland
Grikkland	Malta	Ungverjaland
Holland	Noregur	Pýskaland

Milli framangreindra landa gilda almannatryggingareglur EES samningsins. Á milli Íslands, Noregs, Liechtenstein og Sviss er í gildi Vaduz-samningur sem hefur þau áhrif að nánast sömu reglur gilda gagnvart Sviss.

## Kennitala

Til að geta sótt um kennitölu fyrir barn sem er innflytjandi verður a.m.k. annað foreldrið að hafa dvalarleyfi og vera skráð í þjóðskrá. Ekki nægir að vera skráður í utangarðsskrá. Framvísa þarf fæðingarvottorði barnsins til Þjóðskrár, Borgartúni 21, 105 Reykjavík. Foreldri verður að sækja um kennitölu fyrir barnið. Umsókninni þarf að fylgja:

- Ljósrit af vegabréfi barnsins.
- Ljósrit af frumriti af fæðingarvottorði barnsins.
- Ljósrit af fæðingarvottorði barnsins þýddu á íslensku af löggiltum skjalabýðanda (ef það er á öðru máli en ensku).

Liggja þarf fyrir að sótt hafi verið um dvalarleyfi fyrir barnið hjá Útlendingastofnun. Þyki það dragast óeðlilega lengi að nemandi fái kennitölu ætti að byrja á því að hafa samband við foreldra og kanna hvað veldur og hvort þeir þarfnist upplýsinga eða stuðnings vegna umsóknar kennitölu en bið eftir kennitölu getur verið 5 – 9 vikur. Nægi þetta ekki ætti skólinn að senda Útlendingastofnun fyrirspurn um stöðu málsins.

## Menningarlegur stuðningur

Rétt er að árétta við foreldra að barnið/börnin hafi mikla þörf fyrir stuðning þeirra við tileinka sér nýja menningu og áherslur. Upplýsa þarf foreldra um hvað skólinn leggur að mörkum til að aðlögunin gangi sem best. Hvetja ætti foreldra til að leggja rækt við móðurmál barnsins og einnig má benda þeim á **Móðurmál**, samtök um tvítyngi sem stendur fyrir kennslu í allmörgum tungumálum. Hvetja má foreldra til að halda íslensku sjónvarpsefni að börnum sínum og ekki síst að stuðla að því að börn þeirra taki virkan þátt í félags- og tómstundastarfi (sjá líka á Velkomin á Tungumálatorginu þar eru upplýsingar til foreldra á fimm tungumálum).

## Fyrstu skrefin í skólanum

Huga þarf vel að undirbúningi og móttöku í bekknum. Félagsleg aðlögun skiptir sköpum varðandi líðan og nám nýja nemandans og það getur skapað mörg ný tækifæri að fá nýjan nemanda í bekkinn.



Umsjónarkennara þarf að stofna vinnuhóp með nemendum sem styður hann í skólanum og aðstoðar meðan hann er að kynna skólastarfinu og síðum og venjum þar.

Hvetja þarf alla starfsmenn skólans til að hafa sérstakt auga með nýja nemandanum, t.d. í frímínútum og íþróttum og styðja hann eftir þörfum. Jafnframt þarf að leita leiða til að foreldrar tengist foreldrasamfélaginu.

Hlutverk umsjónarkennara er mikilvægt varðandi nám, félagstengsl og samstarf við foreldra. Hann heldur utan um nám nemandans og fylgist með framförum hans. Hann annast samskipti við foreldra nema annað sé ákveðið. Aðrir kennarar miðla reglulega upplýsingum um gengi nýja nemandans til umsjónarkennara. Leggja skal áherslu á að sérhver kennari setji fram námsmarkmið og kennsluáferðir við hæfi (einstaklingsnámskrá) og styðji nemandann til að ná markmiðum sínum. Það sama á að sjálfsgöngu við um alla nemendur, sama hver bakgrunnur þeirra er.

Nemendur með annað móðurmál en íslensku þurfa í upphafi námsins að vera með einstaklingsáætlun sem byggir á stöðumati. Væntanlegt er staðlað málkönnunarpróf í íslensku sem gott er að styðjast við til að meta kunnáttu og skilning nemandans í íslensku sem öðru máli. Niðurstöðuna er hægt að leggja til grundvallar við gerð einstaklingsáætlunar (til er **stöðu- og leiðsagnarmat** frá Skólaskrifstofu Akureyrar).

Nauðsynlegt er að byrja á að kenna og þjálfva nemandann í almennum orðaforða og samskiptum á íslensku og innleiða einnig eftir bestu getu skólamál og flóknari hugtök í námsbókum en nemendur með annað móðurmál en íslensku eiga rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. (Í dag er aðeins til óstaðlað stöðu- og leiðsagnarmat til að meta stöðu nemenda í íslensku fyrir þá sem hafa annað móðurmál en íslensku, sjá [hér](#).)

Á vefnum [tungumalatorg.is](http://tungumalatorg.is) má finna mat á færni nemenda í stærðfræði og lestri á nokkrum tungumálum.

Nauðsynlegt er að byrja á að kenna og þjálfva nemandann í almennum orðaforða og samskiptum á íslensku og innleiða einnig eftir bestu getu skólamál og flóknari hugtök í námsbókum en nemendur með annað móðurmál en íslensku eiga rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli.

## Íslenska sem annað tungumál

Á vef [Tungumalatorgs](http://Tungumalatorgs) er undirvefur sem heitir **Íslenska sem annað tungumál**. Þar eru margvíslegar upplýsingar og leiðbeiningar til kennara varðandi kennslu nemenda sem hafa annað móðurmál en íslensku. Undir þeim vef eru einnig sérstakir undirvefir, t.d. [Kötluvefurinn](#), [Fjölmenningarvefur barna](#) og fleira fróðlegt efni fyrir kennara.



## Verkfærakista Tungumalatorgs

Á vef [Tungumalatorgs](http://Tungumalatorgs) er undirvefur sem heitir **Verkfærakista - íslenska sem annað mál**. Þar er að finna ýmsar hagnýtar upplýsingar um námsefni, námsleiðir, námsmat, félagslegar áherslur, samskipti við heimili og fleira.



Þá má líka benda á **Kötluvefinn**, sem nú er búið að tengja **Tungumálatorginu**, en þar er að finna margvíslegt efni sem hentar í kennslu nemenda með íslensku sem annað tungumál.

## Lestur og lesskilningur

Mikilvægt er að tvítyngdir nemendur kynnist vel bæði eigin móðurmáli og íslensku. Foreldrar eru mikilvægir aðilar í lestrarkennslu við börn sín og skólinn sinnir sérstakri íslenskukennslu við tvítyngda nemendur í samræmi við viðmið sveitarfélagsins.

Þá má sérstaklega benda á danskar leiðbeiningar sem ætlaðar eru foreldrum til að styðjast við til undirbúnings lestri og við stuðning í lestrarnámi barna sinna. Bæklingurinn er á nokkum tungumálum og er tilvalið að afhenda foreldrum þær í fyrsta viðtal á því tungumáli sem þeim hentar fyrir viðeigandi aldur barns.

### Bæklingur fyrir foreldra um lestrarnám (dönsk hefti):

	arabíska	danska	enska	íslenska	pólska	víetn.
3-6 ára	<u>hefti</u>	<u>hefti</u>	<u>hefti</u>	<u>hefti</u>	<u>hefti</u>	<u>hefti</u>
6-9 ára	<u>hefti</u>	<u>hefti</u>	<u>hefti</u>	<u>hefti</u>	<u>hefti</u>	<u>hefti</u>
10-12 ára	<u>hefti</u>	<u>hefti</u>	<u>hefti</u>	<u>hefti</u>	<u>hefti</u>	<u>hefti</u>

## Fyrstu skrefin í frístundastarfinu

Mikilvægt er að skólinn og frístundaheimilið og/eða félagsmiðstöðin séu í góðu samstarfi og að tengiliður og umsjónarkennari hjálpist að við hvetja barnið/unglinginn til þátttöku í frístundastarfinu. Sjá upplýsingar um frístundaheimili (fyrir börn í 1.-4. bekk) og félagsmiðstöðvar (fyrir börn og unglunga í 5.-10. bekk) á vef bæjarins.

## Foreldrasamstarf

Góð samvinna heimilis og skóla hefur afgerandi þýðingu fyrir námsframvindu og líðan nemanda. Þetta á ekki síst við um fjölskyldur sem koma úr framandi menningarsamfélagi. Í sumum þjóðfélögum er lítil hefð fyrir samstarfi skóla og foreldra. Skólinn þarf því að leggja ríka áherslu á að ávinna sér traust foreldra og stuðla að gagnkvæmum skilningi og virðingu.

Meðal þess sem getur skilað góðum árangri er að hvetja foreldra til að taka þátt í aðlögun barns síns að skólanum, m.a. með því að vera með barninu í skólanum fyrstu dagana og kynnast því starfi sem þar fer fram. Skólinn ætti að leita allra leiða til að vekja áhuga foreldra á að koma í skólann og kynnast starfinu sem virkir þátttakendur.

Það ætti líka að hvetja bekkjarfulltrúa til að leggja sérstaka áherslu á að bjóða foreldrana og barnið velkomið í samfélagið. Ef þess er kostur getur verið gott að nýja fjölskyldan fái sérstaka tengiliði í foreldrahópnum eða vinafjölskyldur.

Það skiptir miklu máli að skóli og foreldrar komi sér saman um hvernig best hentar að eiga samstarf og deila upplýsingum. Aldrei ætti að láta börn túlka fyrir foreldra sína. Þegar senda þarf



skriflegar upplýsingar á heimili þar sem er lítil eða engin íslenskukunnátta er stundum hægt að styðjast við myndmál og einnig getur „Google translate“ komið að notum. Til eru listar með helstu hugtökum á ýmsum tungumálum og loks má benda á [Skilaboðaskjóðuna](#) þar sem foreldrar geta m.a. fengið þýðingar á boðsbréfum í afmæli o.fl.

## Annað

### Tvítýngi og fjöltýngi

Börn sem eiga eitt eða fleiri móðurmál og eru að læra íslensku sem annað (þriðja/fjórða) tungumál eru tvítýngd/fjöltýngd. Um 70% jarðarbúa eru tvítýngdir og nota fleiri en eitt tungumál í daglegu lífi. Sum börn tileinka sér tvö tungumál frá unga aldri en önnur læra nýtt mál eftir að hafa fyrst lært móðurmál sitt. Rannsóknir sýna að öll börn geta orðið tvítýngd ef aðstæður eru jákvæðar og hvetjandi. Tvítýngd börn með eðlilegan tvítýngdan málþroska geta verið á eftir eintýngdum jafnöldrum í þroska annars hvors málsins en standa jafnfætis eða framar eintýngdum börnum þegar allt er talið. Tvítýngi hefur jákvæð áhrif á nám þegar báðum tungumálum er viðhaldið. Ef nemandi hefur náð góðum tókum á lestri á móðurmáli sínu, flyst sú færni á milli tungumála svo fremi að þau séu með sama ritkerfi.

### Málskipti

Talað er um málskipti þegar barn hættir að tala móðurmál sitt og skiptir yfir í nýtt tungumál. Slík málskipti hafa bæði slæm áhrif á málþroska barnanna og sjálfsmýnd þeirra. Ef málumhverfi barna breytist á viðkvæmu skeiði í málþroska þeirra þarf nauðsynlega að halda móðurmálinu við og þróa það áfram. Áherslan ætti því að vera á virkt tvítýngi en ekki málskipti. Það getur tekið nemendur mjög skamman tíma, 2-3 ár eða jafnvel skemur, að tapa niður móðurmáli sínu sé því ekki viðhaldið.

Markviss örvun móðurmálsins eykur fremur en hindrar framfarir í beitingu annars tungumáls. Góður grunnur í móðurmálinu er góð undirstaða fyrir lærdóm á öðru máli. Móðurmál er nátengt sjálfsvitund nemenda. Tapi nemandi móðurmálinu tapar hann hluta af sjálfum sér og færninni til að eiga þroskuð samskipti við foreldra og ættingja.

### Viðurkenning á kunnáttu í móðurmáli

Í 16. gr. laga um grunnskóla segir að skólum sé heimilt að að viðurkenna kunnáttu í móðurmáli, nemenda með annað móðurmál en íslensku, sem hluta af skyldunámi er komi í stað skyldunáms í erlendu máli. Hafnarfjörður hefur samið við Tungumálaverið í Laugalæk ([tungumalaver.reykjavik.is](http://tungumalaver.reykjavik.is)) um kennslu í norsku, sænsku og pólsku fyrir nemendurí 7.-10. bekk. Þá má benda á samtökin [Móðurmál](#) sem eru samtök um tvítýngi sem hafa beitt sér fyrir móðurmálskennslu fyrir tvítýngd börn og hjálpað foreldrum að stofna hópa þar sem móðurmál þeirra er kennt.

### Fjölbreyttur nemendahópur og fyrstu skrefin

Í nútímasamfélagi er mikilvægt að vinna með þau tækifæri sem bjóðast í skólastarfi til að vinna með fjölbreyttan nemendahóp. Þá þarf að huga að gagnvirkri aðlögun þeirra sem fyrir eru og þeirra sem eru nýkomnir til landsins. Auk þess að huga að íslenskunámi er ekki síður mikilvægt að ákvarða hvernig best verður staðið að því að tengja nemandann félagslega í bekknum. Því betri sem samskiptin verða



við skólafélagana því meiri líkur eru á því að öll aðlögun og nám gangi vel. Samvinnunám og fjölbreyttir kennsluhættir skila góðum árangri fyrir alla nemendur.

Mikilvægt er að undirbúa bekkinn vel áður en nýi nemandinn kemur og finna fjölbreyttar leiðir til að virkja nemendurna í þessu sameiginlega verkefni að taka vel á móti nýjum félagum. Gott getur verið að skoða hvaðan nemandinn kemur og kanna hvort hægt sé að finna landið á landakorti eða afla einhverra upplýsinga um landið, tungumálið sem talað er eða brot úr sögu landsins. Varast skal þó að ræða um upprunaland nýrra nemenda þannig að það ýti undir staðalmyndir og fordóma nemenda gagnvart því sem nýtt er og ókunnugt. Betra er að leitast við að draga fram þætti sem eru sameiginlegir og taka kannski umræðuna um það hvort einhverjir nemendur í hópnum hafi verið nýir nemendur áður í nýju landi og hvernig hver og einn vill láta taka á móti sér þegar hann er nýr og þekkir engan. Ein leið gæti verið að setja upp vinakerfi innan bekkjarins og/eða í frístundastarfinu þar sem hver og einn nemandi í bekknum hefði ákveðið hlutverk gagnvart nýja nemandanum, s.s. eins og að sýna honum skólann, leikvöllinn, fara með honum í matartíma, o.fl. Nemendur gætu verið með litla bók þar sem þeir skrifa íslensku orðin yfir það sem verið er að sýna nýja nemandanum, s.s. eins og matsalur, klósett, skólastjóri, kennarastofa eða ritari, og nýi nemandinn skrifar í bókina sömu orð á móðurmáli sínu. Slík jafningjafræðsla felur í sér tækifæri til gagnvirkra samskipta milli nýja nemandans og þeirra sem fyrir eru (sjá líka á Velkomin á Tungumálatorginu þar er vefur á fimm tungumálum sem getur aðstoðað nemendur með samskipti).

Hægt er biðja nemendur um aðstoð við að merkja helstu hluti í skólastofunni/frístundastarfinu, ræða leiðir til að kenna nýja félaganum íslensku og meta hvað vegi þungt þegar börn eru að setjast að í nýju umhverfi. Leggja ber áherslu á að börnin tali frekar íslensku en ensku við nemandann. Það getur hjálpað nýja nemandanum að læra nöfn bekkjarfélaga sinna ef ljósmyndir merktar nöfnum þeirra eru í kennslustofunni/frístundastarfinu.

Þegar nýi nemandinn kemur í skólann þarf að leggja áherslu á að allir læri að skrifa og bera nafn hans fram á réttan hátt. Heimamenningu hans má t.d. gera sýnilega í kennslustofunni með ljósmyndum og/eða fána. Hægt er að nota tækifærið til að samþætta menningu og áhugmál nýja nemandans bekkjanámskránni. Loks má benda á að leikir og verkefni sem ekki reyna á tungumálið geta verið góð leið til að brjóta ísinn og tryggja samskipti nemenda fyrst um sinn. Eftir nokkra mánuði gæti verið gagnlegt að vinna sérstök verkefni um heimamenningu allra nemenda.

Leggja ætti sérstaka áherslu á að finna út hverjir eru styrkleikar nýja nemandans og byggja á þeim í samskiptum og námi og finna leiðir til að nemandinn geti nýtt móðurmál sitt í náminu. Þá er rétt að leggja áherslu á það að oft ná nemendur meiri árangri ef lögð er áhersla á að kenna nýja tungumálið (íslensku) í gegnum námsgreinar og daglegt starf í samstarfi við jafningja í stað þess að vera með sérsniðnar aðferðir þar sem ofuráhersla er á íslenska málfræði (Sjá líka [Verkfærakistuna](#) á tungumalatorg.is).

Æskilegt er að umsjónarkennarinn tilkynni einnig foreldrum bekkjarins um komu nýja nemandans, jafnframt mætti senda út fyrirspurn um það hvort einhverjir foreldrar í bekknum hafi áhuga á að verða vinfjölskylda nýju fjölskyldunnar, hafi hún áhuga á því.

Íþróttakennarar og baðverðir þurfa að vera sérstaklega vakandi fyrir því að oft er mikill menningar-munur á viðhorfi til líkama og nektar. Ef spurningar um ólík viðhorf og menningu vakna getur verið gott að leita ráða hjá foreldrum nýja nemandans eða öðrum sem þekkja menningu, trú og tungumál nýja nemandans.

## Íslenska sem annað tungumál

Í aðalnámskrá grunnskóla í íslensku sem annað tungumál 2013 segir m.a.:



„Það er mikilvægt viðfangsefni að bæta íslenskukunnáttu þeirra nemenda sem hafa annað mál en íslensku að móðurmáli. Hæfni í íslensku er meginforsenda þess að þeir verði að virkum þátttakendum í samfélagi lýðræðis og jafnréttis og geti lagt stund á almennt nám í íslenskum skólum.“ (Bl. 106.)

Mikilvægt er í öllum tilvikum að hvetja foreldra til að styðja við íslenskunám barna sinna og jafnframt rækta og þróa eigið móðurmál til að stuðla að virku tvítyngi allra nemenda með annað móðurmál en íslensku.

Ástæða er til að minnast á börn sem hafa íslensku að móðurmáli en hafa dvalið í útlöndum þorra ævinnar. Skólamál þeirra og mál utan heimilis hefur því verið annað en íslenska. Þessir nemendur þurfa oft talsverða aðstoð í skólum þó svo að það sé ekki ljóst í byrjun.

Í reglugerð er kveðið á um að allir nemendur í grunnskólum, er hafa annað móðurmál en íslensku og hafa fasta búsetu hér á landi, eigi rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Framkvæmd og eðli slíkrar kennslu í íslensku tekur einnig mið af alþjóðlegum sáttmálum sem Ísland er aðili að, s.s. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, 29. gr., en þar segir um menntun barns:

„Móta [skal] með því virðingu fyrir foreldrum þess, menningarlegri arfleifð þess, tungu og gildismati, þjóðernislegum gildum þess lands er það býr í og þess er það kann að vera upprunnið frá, og fyrir öðrum menningarháttum sem frábrugðnir eru menningu þess sjálfs. (c liður)“

Mikilvægt er að nemendur í grunnskólum með annað móðurmál en íslensku viðhaldi móðurmáli sínu eftir því sem kostur er. Það er mikilvægt fyrir sjálfsmynd þeirra að tekið sé tillit til þekkingar þeirra á eigin móðurmáli en ekki eingöngu einblínt á færni þeirra í íslensku. Æskilegt er að þeir viðhaldi móðurmáli sínu með námi í heimaskóla eftir því sem kostur er eða í fjarnámi. Heimilt er að viðurkenna slíkt nám í móðurmáli í stað náms í erlendu tungumál (sjá Aðalnámskrá grunnskóla 2013, bls. 80). Skal stefnt að virku tvítyngi þessara nemenda enda er góð kunnátta í móðurmáli undirstaða læsis, góðrar færni í seinna máli og eðlilegrar framvindu í námi almennt.

Með kennslu í íslensku sem öðru tungumáli er stefnt að því að nemendur verði hæfir til að taka fullan þátt í íslensku samfélagi sem tvítyngdir einstaklingar með rætur og innsæi í tvo eða fleiri menningarheima og auðgi með því íslenskt mannlíf. Markmiðin fela í sér að íslenska sem annað tungumál sé lykill að:

- íslensku skólastarfi
- íslensku samfélagi
- virku tvítyngi
- tveimur menningarheimum.

Menntun og velferð nemenda er sameiginlegt verkefni heimila og skóla og samstarfið þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, trausti, samábyrgð og gagnkvæmri upplýsingamiðlun. Mikilvægt er að skólar leiti allra leiða til að bjóða foreldrum og forráðamönnum af erlendum uppruna að taka þátt í foreldrastarfi og styðja þannig menntun barna sinna.

Í námsgreininni íslensku sem öðru tungumáli (aðalnámskrá grunnskóla, 2013 bls. 106-108) felst meira en tungumálakennsla. Saman fara markmið þar sem leitast er við að þjálfar nemendur í íslensku máli og menningarfærni, viðhalda og þróa þekkingargrunn og læsi og örva námsgetu og námstækni og stuðla að félagslegri vellíðan nemandans. Mikilvægt er að gæta þess að nemendur með annað móðurmál en íslensku fylgi jafnöldrum sínum í öllum námsgreinum. Með því að huga að öllum þáttum þroska barnsins eru minni líkur á að nemandi með annað móðurmál verði á eftir í náminu meðan hann leitast við að læra íslenskt mál og öðlast menningarfærni. Með því að taka mið af þessum



hæfniviðmiðum samhliða viðmiðum annarra námsgreina verður kennslan markvissari og betur er hugað að öllum þáttum sem áhrif hafa á framvindu í námi barna sem læra á öðru máli en móðurmálinu. Viðmiðunum má ná með því að:

- greina stöðu og þarfir einstakra nemenda áður en námsáætlun er gerð
- stuðla að viðhaldi og ræktun móðurmáls og læsi á móðurmáli
- brúa bil milli móðurmáls og menningar annars vegar og íslensks máls og menningar hins vegar
- þjálfra markvisst mál sem tengist skólastarfi
- huga að menningar- og námslegum forsendum sem liggja að baki góðri námsframvindu
- stuðla að áframhaldandi þróun námsproska og eflingu læsis með sérstakri áherslu á lesskilning
- byggja á þekkingu og undirstöðu sem fyrir er í einstökum námsgreinum og því er nauðsynlegt að athuga hvort þekkingargrunnur sé sambærilegur og hjá öðrum nemendum
- gera lokamarkmið allra annarra námsgreina að lokamarkmiðum íslensku sem annars tungumáls
- leggja áherslu á að nemendur öðlist sambærilega þekkingu og jafnaldrar þeirra samtímis því sem þeir læra íslensku, m.a. með því að laga allt námsefni að námsgetu og málfærni hvers einstaklings hverju sinni.

Sjá frekari umfjöllun í aðalnámskrá.





## Könnun á bakgrunni nemanda

Vegna ólíkra tungumála og menningar er leitast við að fá ítarlegar upplýsingar um bakgrunn nemandans. Það er gert til þess að skólinn geti betur mætt þörfum hans og fjölskyldu hans.

Nafn barns	Kennitala
Lögheimili	

Forráðamaður 1	Kennitala
Þjóðerni	Móðurmál
Heimilisfang	Heimasími Vinnusími
Netfang	GSM

Forráðamaður 2	Kennitala
Þjóðerni	Móðurmál
Heimilisfang	Heimasími Vinnusími
Netfang	GSM

### Nemandi

Nemandi innritaðist í bekk \_\_\_\_\_ Umsjónarkennari: \_\_\_\_\_

Hvenær kom nemandi til Íslands? \_\_\_\_\_

Hvaða tungumál er töluð á heimilinu? \_\_\_\_\_

Frá hvaða landi er nemandinn að koma? \_\_\_\_\_

Er nemandi með ofnæmi? Ef já fyrir hverju? \_\_\_\_\_ Nei \_\_\_\_\_

### Fyrri skólaganga

Var nemandi í leikskóla/grunnskóla? Já \_\_\_\_\_ Nei \_\_\_\_\_

Var nemandi ánægður í skólanum? Já \_\_\_\_\_ Nei \_\_\_\_\_

Hvað fannst nemandi skemmtilegt að gera í skólanum? \_\_\_\_\_



Hvað fannst nemanda leiðinlegt/erfitt að gera í skólanum? \_\_\_\_\_

Hefur nemandi áður skipt um skóla? Já \_\_\_\_\_ Nei \_\_\_\_\_

Ef já, hvers vegna? \_\_\_\_\_

Fór kennsla fram á móðurmáli nemanda? Já \_\_\_\_\_ Nei \_\_\_\_\_

Ef ekki, á hvaða tungumáli fór kennslan fram? \_\_\_\_\_

Skilur og/eða talar nemandi önnur tungumál en móðurmál? Já \_\_\_\_\_ Nei \_\_\_\_\_

Ef já þá hvaða tungumál? \_\_\_\_\_

Er nemandi læs?

Á móðurmáli? Já \_\_\_\_\_ Nei \_\_\_\_\_

Á öðru tungumáli: Ef já, hvaða tungumáli? \_\_\_\_\_ Nei \_\_\_\_\_

Er nemandi skrifandi?

Á móðurmáli? Já \_\_\_\_\_ Nei \_\_\_\_\_

Á öðru tungumáli: Ef já, hvaða tungumáli? \_\_\_\_\_ Nei \_\_\_\_\_

Er nemandi læs á vestrænt stafróf? Já \_\_\_\_\_ Nei \_\_\_\_\_

Hefur nemandi verið í þessum námsgreinum?

Stærðfræði \_\_\_\_\_ Samfélagsfræði \_\_\_\_\_ Náttúrufræði \_\_\_\_\_ Ensku \_\_\_\_\_

Tungumál (hvaða) \_\_\_\_\_ Myndmennt \_\_\_\_\_ Smíði \_\_\_\_\_ Textíl \_\_\_\_\_ Heimilisfræði \_\_\_\_\_

Íþróttir \_\_\_\_\_ Sund \_\_\_\_\_

Á nemandi við einhverja námsörðugleika að stríða? Já \_\_\_\_\_ Nei \_\_\_\_\_

Ef já, þá hverja? \_\_\_\_\_

Liggur greining (sálfræðimat/lestrargreining/annað) að baki? \_\_\_\_\_



Mun nemandi nýta Frístund eftir að skóla lýkur (1.-4.bekkur)? Já \_\_\_\_\_ Nei \_\_\_\_\_

*Fjölskylduaðstæður*

Hverjir búa á heimili nemanda? \_\_\_\_\_

Hve lengi hafa foreldrar/forráðamenn nemanda búið á Íslandi?

Forráðamaður 1 \_\_\_\_\_ Talar íslensku? Já \_\_\_\_\_ Nei \_\_\_\_\_

Forráðamaður 2 \_\_\_\_\_ Talar íslensku? Já \_\_\_\_\_ Nei \_\_\_\_\_

Tala og skilja foreldrar/forráðamenn ensku? Já \_\_\_\_\_ Nei \_\_\_\_\_

*Spurningar til nemanda*

Hvernig þótti þér að flytja til Íslands? \_\_\_\_\_

Ert þú í sambandi við ættingja og/eða vini í heimalandi þínu, til dæmis í gegnum nettengingu eða póst? Já \_\_\_\_\_ Nei \_\_\_\_\_

Áttu vini hér á landi, sem ættaðir eru frá heimalandinu? Já \_\_\_\_\_ Nei \_\_\_\_\_

Áttu íslenska vini? Já \_\_\_\_\_ Nei \_\_\_\_\_

Þekkir þú önnur börn í skólanum? Já \_\_\_\_\_ Nei \_\_\_\_\_

Stundaðir þú íþróttir eða tómstundastarf í heimalandi þínu?

Já \_\_\_\_\_ Hvaða? \_\_\_\_\_

Nei \_\_\_\_\_

Hefur þú áhuga á að taka þátt í einhverskonar tómstundastarfi hér á landi?

Já \_\_\_\_\_ Hvaða? \_\_\_\_\_

Nei \_\_\_\_\_ Kannski \_\_\_\_\_

Hver eru áhugamál þín? \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_



Annað sem foreldrar/forráðamenn eða nemandi vilja að komi fram?

---

---

---

---

Viðtalið sátu:

Nemandi \_\_\_\_\_

Foreldrar/forráðamenn \_\_\_\_\_

Skólastjóri/deildarstjóri \_\_\_\_\_

Umsjónarkennari \_\_\_\_\_

Sérkennari \_\_\_\_\_

Hjúkrunarfræðingur \_\_\_\_\_

Túlkur \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_  
Undirskrift, foreldri/forráðamaður. Dagsetning

\_\_\_\_\_  
Undirskrift, foreldri/forráðamaður. Dagsetning

